

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

10. fundur miðstjórnar

föstudaginn 13.apríl 2012

FUNDARGERÐ.

Mættir: Hafliði Sívertsen, Einar Kristinsson, Jakob Tryggvason, Davíð Sigmundsson, Eyjólfur Ólafsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Guðrún S Bergþórsdóttir, Sighvatur Daníel Sighvatz, Júlía Björk Þórðardóttir, Jón Ingi Skúlason, Sigurjón Ingvarsson, Kristín Benediktsdóttir, Grétar Guðmundsson, Georg Georgsson, Eiríkur Sigurðsson, Sigurður Sigurðsson, Jens H. Ragnarsson, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Bára Halldórsdóttir.

Forföll boðuðu: Helgi Jónsson, Ómar Baldursson, Andri Jóhannesson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Leiðréttingar
2. Sambandsstjórnarfundur
Undirbúningur
Drög að ársreikningum
3. Stjórn Rafiðnaðarskólans
4. Samstarfssamningur NEF sambanda
5. Beiðni um styrk í málsóknarsjóð vegna verðtryggðra lána
6. Þingmál
Hámark á laun verkalýðsforingja
7. EBTF - Ungliðastarf
8. Leonardo
9. Önnur mál
Nemaleyfisnefndir
Eftirmenntunarnefndir
Bókaútgáfa um Hörpu (auglýsing)
Styrkumsókn – Radíóskátar

1. Fundargerð síðasta fundar

Leiðrétting var gerð á síðustu fundargerð en þær málsgreinar sem gerðar voru athugasemdir við samantektina er að finna hér að neðan:

Leiðréttar málsgreinar síðustu fundargerðar:

2. Starfsemi RSÍ/Starf miðstjórnar

Þá var til umræðu hvort mögulegt væri að einfalda fjármál og draga úr kostnaði við endurskoðun og fleira, það fæli hins vegar í sér að fjárhagslegt sjálfstæði félaganna

færi og í raun þýddi það að verið væri að leggja niður núverandi félög og stofna deildir í staðinn.

Talsverðar umræður urðu um málið, og niðurstaðan sú að það fyrirkomulag sem nú væri við líði væri styrkur fyrir sambandið, líkt og komið hefur fram áður á fundum miðstjórnar, formannafundum og sambandsstjórnarfundi.

Samþykkt að halda óbreyttu fyrirkomulagi.

2. Sambandsstjórnarfundur.

Kristján og Jens fóru yfir fyrirleggjandi drög að reikningum og gerðu grein fyrir athugasemdum sem komið hafa upp vegna þeirra, þeir munu afla skýringa og setja inn leiðréttingar sem þarf. Vitað er um villu sem verður leiðrétt fyrir sambandsstjórnarfund. Rætt um sjóðina og ánægja er með auknar skýringar sem fylgja reikningnum.

Kristján fór yfir fyrirleggjandi dagskrá sambandsstjórnarfundar sem verður í Reykjanesbæ 26.-27.apríl nk.

3. Stjórn Rafiðnarskólans.

Aðalfundur skólans verður í næstu viku og hefur komið fram ósk að skipta út sterkstraumsmanni í stjórninni. Björn Ágúst hefur setið í stjórninni frá 2006 og er tillaga gerð að Sigurður Sigurðsson frá Landsneti, formaður sveinsprófsnefndar sterkstraums komi í stað Björns.

4. Samstarfssamningur NEF sambanda.

Þetta eru samnorræn samtök sem veita rafiðnaðarmönnum réttindi á milli Norðurlandanna, ef staðfest er að greitt er sé í viðkomandi samband þess lands sem viðkomandi kemur frá. Unnið er að því að þeir Íslendingar sem vinna á Norðurlöndunum og greiða launatengd gjöld til RSÍ og geti sótt þjónustu sem þeir óska eftir frá sambandi þess lands sem þeir vinna í. Samskipti milli landanna eru tryggð með þessu og launaréttindi fylgja hverju landi. Unnið er því að samstarfssamningur þessa efnis verði undirritaður á þessu ári.

5. EBTF - Ungliðastarf

EBTF óskar eftir að tilnefnt sé í ungliðanefnd sambandsins. Kristján stakk upp á að Svanborg Hilmarsdóttir, sem hefur sinnt ungliðamálum RSÍ, tæki sæti í þessari nefnd sem var samþykkt. Grétar óskaði líka eftir því að Svanborg yrði tilnefnd í ungliðanefnd Uni ICTS Europe og var það samþykkt. Svanborg sagði frá NBTF og starfi þeirra ungliðasamtaka.

6. Önnur mál

Minnt var á að einhver félög eiga eftir að tilnefna fulltrúa í Nemaleyfisnefndir. Einnig þarf að tilnefna nýjan fulltrúa í eftirmenntunarnefnd.

Greint frá úthlutun orlofshúsa, 693 umsóknir bárust í orlofshúsin fyrir sumarið 2012, 412 fengu það sem þeir sóttu um en 281 hafnað. Skógarnes var vinsælast, Svignaskarð kom þar á eftir. Klapparholt í Borgarnesi (Gæludýrahúsið) var með 7% allra umsóknarlína.

Svanborg kynnti ungliðana sem eru í stjórn RSÍ-UNG. Miðstjórn skipaði 8 í stjórn og var fyrsti fundur stjórnarinnar haldinn 23. febrúar 2012. Þau hafa látið hanna merki fyrir hreyfinguna og komið upp Facebook síðu. Ákveðið er að funda vikulega. Fyrsti viðburður stjórnarinnar verður á sveinsprófsafhendingunni á morgun, 14. apríl og einnig hafa þau skipulagt viðburði vegna 1. maí. Svanborg bað um leyfi til að RSÍ-UNG notaði merkið á heimasíðuna sem verður opnuð á sambandsstjórnarfundinum. Merkið verður svo formlega samþykkt á þeim fundi.

Kristján sagði frá skipulagi 1. maí og hvetur fólk til að mæta, hvar sem er á landinu.

Fundi slitið kl. 16:05

Fundargerð ritaði Bára Halldórsdóttir